

## Skilablað – Millidómstig – húsnæðismál Landsréttar

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguþúsnæði (leiguverkefni).

### 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið varðar húsnæðismál nýrrar stofnunar ríkisins, Landsréttar, sem taka mun til starfa 1. janúar 2018.

Óskað var eftir að Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) ynni frumathugun vegna húsnæðis fyrir nýjan Landsrétt og hugsanlegs flutnings Héraðsdóms Reykjavíkur í hentugra húsnæði.

Verkbeiðandi og greiðandi fyrir verkefnið var innanríkisráðuneytið. Verkbeiðni barst til FSR í júlí 2014.

Verkefnastjóri frá FSR var Róbert Jónsson.

### 2 Verklýsing

Verkefnið fólst í að vinna frumathugun vegna húsnæðis fyrir nýjan Landsrétt og hugsanlegs flutnings Héraðsdóms Reykjavíkur í hentugra húsnæði.

Staðsetning verkefnis var hjá innanríkisráðuneyti.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0080.

### 4 Framvinda

Unnin voru drög að eftirfarandi þrenns konar húsrýmisáætlunum:

- Húsrýmisáætlun fyrir Landsrétt.
- Húsrýmisáætlun fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.
- Húsrýmisáætlun fyrir Landsrétt og Héraðsdóm Reykjavíkur.

Ýmsum upplýsingum var safnað saman í tengslum við verkefnið, núverandi aðstaða Héraðsdóms Reykjavíkur var skoðuð, samráð var haft við hagsmunaaðila og fleira.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 736.610 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Þegar hér var komið sögu, sjá nánar í lið 4 Framvinda, var ákveðið að skipta um greiðanda. Þá varð fjármála- og efnahagsráðuneyti nýr greiðandi og tók við af innanríkisráðuneyti.

Þar með varð að stofna nýtt verknúmer eða í ágúst 2016. Nýja verknúmerið er 633 0110 og þá lauk notkun á verknúmeri 633 0080.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.

### 8 Verklok

Engin eiginleg verklok urðu fyrir verknúmerið 633 0080 nema þau að búið var til nýtt verknúmer af áður útskýrðum ástæðum, sjá lið 6.

Nýja verknúmerið er 633 0110.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaðir staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur

Róbert Jónsson verkefnastjóri